ÁRSSKÝRSLA KSÍ 2017

# SKÝRSLA STJÓRNAR



BORGUN
Lengjan
Coca-Cola
ICELANDAIR
N1

# EIN STERK HEILD



Það er óhætt að segja að við séum að lifa skemmtilega tíma sem áhugafólk um fótbolta. Við eigum svo sannarlega að njóta augnabliksins núna sem stuðningsmenn landsliðanna okkar.

Árangur karlalandsliðsins hefur vakið heimsathygli. Að vinna fimm mótsleiki af sex á liðnu ári og enda í efsta sæti riðilsins var stórkostlegt afrek. Þessi árangur er hvetjandi fyrir alla okkar iðkendur og við gleðjumst saman og hlökkum til sumarsins. Við getum verið stolt af árangrinum. Heimir og teymið hans ásamt frábærum landsliðsmönnum okkar eiga mikinn heiður skilinn. Það er líka ljóst í mínum huga að uppleggið í þessum árangri er grasrótarstarfið í aðildarfélögunum okkar. Þar byrjar þetta allt saman, verum minnug þess.

Kvennalandsliðið fór í lokakeppni EM í Hollandi. Við náðum að skapa mikla stemningu í kringum liðið en árangurinn lét á sér standa. Hins vegar kom liðið öflugt til baka í haust og vann m.a. hið gríðarsterka lið Þjóðverja á útivelli. Vonandi náum við að fylgja þessu eftir nú í ár og markmiðið er að komast á HM á næsta ári.

Nýverið var skipaður starfshópur á vegum Reykjavíkurborgar, ríkisstjórnarinnar og KSÍ. Verkefni hópsins er að rýna þá kosti sem eru í stöðunni hvað varðar endurbyggingu Laugardalsvallar og skila af sér tillögu um framhaldið fyrir 1. apríl. Vinnan hefur farið vel af stað og ég er bjartsýnn á að niðurstaðan verði endurbygging vallarins og að undirbúningur hefjist fyrir HM í sumar. Við verðum að bregðast við breyttu mótafyrirkomulagi landsliða og vera í stakk búin að keppa á okkar heimavelli að vetri til, hvernig sem viðrar.

Eitt aðalverkefni okkar í KSÍ er rekstur og þjálfun yngri landsliða okkar. Gengið hefur verið gott hjá mörgum liðanna og þrjú lið leika í milliriðlum nú í vor. Það er gríðarlega mikilvægt að standa vel að þessu starfi og huga vel að þessari næstu kynslóð okkar landsliðsfólks.

Mótahald KSÍ gekk vel á árinu og um 6000 leikir voru leiknir í mótum á okkar vegum. Þór/KA varð Íslandsmeistari og vann Pepsi-deild kvenna eftir spennandi keppni og Valur sigraði örugglega í Pepsi-deild karla þetta árið. Eyjamenn komu svo sterkir inn í Borgunarbikarnum og unnu bæði í karla- og kvennaflokki. Stjarnan náði í 16 liða úrslit í Meistaradeild kvenna. Fylkir sigraði í Inkasso-deildinni og Keflavík fylgdi þeim upp. Í 1. deild kvenna sigraði HK/Víkingur og Selfoss fylgdi þeim upp. Í 2. deild karla vakti athygli árangur Magna í Grenivík sem komst upp í Inkasso-deildina.

Aðsókn dróst saman í Pepsi-deild karla og við ætlum okkur að gera allt sem í okkar valdi stendur til þess að stemma stigu við því – með sameinuðum krafti félaganna, KSÍ, sjónvarpsrétthafa og Ölgerðarinnar.

Vinnu við nýjan vef KSÍ er að ljúka og mun hann líta dagsins ljós í næsta mánuði. Huga þarf sérstaklega vel að allri grunnvinnu vð vefinn okkar og við höfum líka lagt ríka áherslu á að gera hann notendavænan. Þetta verkefni var tímabært og það verður spennandi að kynna hann fyrir hreyfingunni, enda er vefur KSÍ fyrst og fremst þjónustu- og upplýsingavefur fyrir félögin og aðra aðila tengda knattspyrnuhreyfingunni.

Á 70 ára afmælisári okkar var síðan gefin út bók um sögu kvennaknattspyrnunnar. Þetta er stórmerkileg saga og lengri en margan grunar. Er þar sagt frá fyrstu leikjum og þróun kvennafótboltans ásamt deildakeppninni og uppgangi landsliðsins. Þökkum við höfundinum, Sigmundi Ó. Steinarssyni, kærlega fyrir hans vinnu við bókina.

Rekstur KSÍ stendur traustum fótum nú sem endra nær á undanförnum árum. Árangur karlalandsliðsins hefur gert það að verkum að auknir fjármunir hafa komið inn í okkar rekstrarreikning. Við höfum leitast við að láta aðildarfélögin njóta þess með útgreiðslu á stórum hluta þess hagnaðar. Við þurfum líka að styrkja okkar starfsemi þar sem það á við til þess að geta fylgt árangri okkar eftir um leið og við eflum og byggjum upp þá þjónustu sem við veitum aðildarfélögunum og öllum hagsmunaðilum í knattspyrnuhreyfingunni. Þar fyrir utan höfum við einnig verið að reyna að nýta okkur þennan meðbyr til þess að efla og breikka okkar tekjugrunn. Við höfum einnig á árinu verið í stefnumótunarvinnu sem við teljum að muni efla okkar starfsemi og styrkja enn frekar. Allt er þetta gert með hag íslenskrar knattspyrnu í huga.

Við viljum nota þá fjármuni sem við fáum til þess að gefa okkur frekara tækifæri til þess að efla faglegt starf á knattspyrnusviðinu hjá bæði aðildarfélögum okkar og landsliðunum eins og mögulegt er. Á þessum tímum velgengni landsliðanna er gott að minna sig á hvar þetta byrjar allt saman og halda áfram að þróa og bæta okkar starf með samstöðu og framsækni. Nýtum okkur meðbyrinn til frekari góðra verka. Vinnum saman að því að skapa þannig umhverfi fyrir yngri kynslóðir knattspyrnufólks að það sé rými fyrir sem flesta iðkendur á öllum getustigum, samhliða því að efla afreksstarfið. Það er kjarni okkar fótboltasamfélags.

Við erum ein sterk heild, innan vallar sem utan.

Knattspyrnukveðja,
Guðni Bergsson,
formaður KSÍ

# Efnisyfirlit


| | |
|---|---|
| Pistill formanns | 2 |
| A landslið karla | 4 |
| A landslið kvenna | 8 |
| Yngri landslið | 12 |
| Evrópukeppnir | 14 |
| Mótin innanlands | 16 |
| Dómaramál | 18 |
| Árið sem leið | 20 |
| Laugardalsvöllur | 26 |
| Fjármál | 28 |
| Ársreikningur | 32 |


Stöðutöflur og nánari upplýsingar má finna á www.ksi.is

# A LANDSLIÐ KARLA




Mynd: Myndasafn KSÍ

# Ísland á HM 2018

**Árið 2017 er svo sannarlega eitt af stærstu árum í sögu A landsliðs karla og setti liðið enn og aftur ný viðmið í þeim málum með því að komast í fyrsta skipti í úrslitakeppni Heimsmeistarakeppninnar. Ljóst var frá byrjun að það yrði ærið verkefni fyrir Ísland að komast upp úr undanriðli sínum og til Rússlands. Mótherjar liðsins þar voru stórar þjóðir í knattspyrnuheiminum eins og Króatía, Tyrkland og Úkraína. Enn og aftur sýndu strákarnir hvers megnugir þeir eru og lentu í 1. sæti riðilsins.**

Liðið hóf árið á því að taka þátt í China Cup 2017 í Kína og var þar leikið gegn Kína og Síle. 2-0 sigur vannst á heimamönnum og skoruðu Kjartan Henry Finnbogason og Aron Sigurðarson mörk Íslands þar. Strákarnir töpuðu hins vegar 0-1 fyrir Síle, en ferðin var engu að síður mjög góð og margir leikmenn sem höfðu lítið spilað áður fengu tækifæri.
Tæpum mánuði síðar lék Ísland gegn Mexíkó í Bandaríkjunum, en tapaði leiknum 0-1. Líkt og í Kína fengu þar margir leikmenn tækifæri sem lítið höfðu verið viðloðandi A landsliðið.

Fyrsti leikur Íslands í undankeppni HM 2018 á þessu ári var gegn Kosóvó, en hann var leikinn ytra. Leikurinn var erfiður, en góður 2-1 sigur vannst og skoruðu Björn Bergmann Sigurðarson og Gylfi Þór Sigurðsson mörk liðsins. Því næst vannst frábær 1-0 sigur á Króatíu á Laugardalsvelli í júní með marki frá Herði Björgvini Magnússyni. Með sigrinum komst Ísland upp að hlið Króatíu með 13 stig og því ljóst að gríðarleg barátta yrði í síðustu fjórum leikjum undankeppninnar.

Leikið var gegn Finnlandi ytra og Úkraínu heima í september. Eftir erfitt 0-1 tap gegn Finnlandi vannst mjög góður 2-0 sigur á Úkraínu á Laugardalsvelli. Á sama tíma náði Króatía einnig aðeins í þrjú stig og því voru liðin enn saman á toppnum.

Næstsíðasti leikur liðsins var í Tyrklandi og því ljóst að um erfiðan leik væri að ræða, enda ávallt erfitt að spila þar. Strákarnir voru frábærir í leiknum, yfirspiluðu Tyrkina og unnu magnaðan 3-0 sigur með mörkum frá Jóhanni Berg Guðmundssyni, Birki Bjarnasyni og Kára Árnasyni. Á sama tíma gerði Króatía 1-1 jafntefli gegn Finnlandi og því ljóst að sigur gegn Kosóvó í síðasta leiknum myndi fleyta Íslandi í fyrsta sinn á HM.

Gríðarleg eftirvænting var á landinu fyrir leiknum og stemning mikil á leikdegi. Leikurinn var nokkuð jafn framan af og augljóst að mikið var undir. Það var svo á 40. mínútu sem fyrsta mark dagsins leit dagsins ljós þegar Gylfi Þór Sigurðsson prjónaði sig í gegnum vörn Kosóvó og setti boltann í netið. Laugardalsvöllur titraði við markið og ljóst var að markið róaði taugar allra. Síðara mark leiksins kom svo þegar 20 mínútur voru til leiksloka og var þar að verki Jóhann Berg Guðmundsson. 2-0 sigur var staðreynd og Ísland á leið á HM í fyrsta sinn í sögunni.




Mynd: Myndasafn KSÍ

# SÖGULEGT ÁR


















Myndir: Myndasafn KSÍ

# A LANDSLIÐ KVENNA




Mynd: Myndasafn KSÍ

# Þriðja sinn á EM

## Ísland tók þátt í lokakeppni EM í þriðja skiptið í röð, en keppnin var haldin í Hollandi árið 2017. Liðið var með Austurríki, Frakklandi og Sviss í riðli á mótinu.

Undirbúningur fyrir lokakeppni EM hófst strax í janúar, þegar liðið fór í æfingabúðir á Akureyri.

Því næst var farið til Algarve og keppt á Algarve Cup í byrjun mars. Þar lék liðið gegn Spáni, Japan og Noregi í riðlakeppninni. Ísland gerði þar jafntefli við Noreg og Spán, en tapaði fyrir Japan. Liðið lék um 9.-10. sætið á mótinu, vann þar 2-1 sigur gegn Kína og endaði liðið því í 9. sæti.

Því næst mætti liðið Slóvakíu og Hollandi ytra, í apríl. 2-0 sigur vannst á Slóvakíu en 4-0 tap var staðreyndin gegn Hollendingum, sem urðu svo Evrópumeistarar á heimavelli í júlí.

Síðustu tveir leikirnir áður en liðið hélt til Hollands voru leiknir í júní. Fyrst mætti liðið Írlandi 8. júní og gerði þar markalaust jafntefli. Síðari leikurinn var leikinn á Laugardalsvelli þar sem stórlið Brasilíu mætti til leiks. Eftir góðan og spennandi leik var niðurstaðan 1-0 sigur Brasilíu.

Fyrsti leikur Íslands á EM var 18. júlí gegn Frakklandi, einu af þeim liðum sem talin voru líkleg til afreka á mótinu. Íslenska liðið spilaði frábæran varnarleik í leiknum og var ávallt hættulegt í skyndisóknum. En þegar aðeins fimm mínútur voru eftir af leiknum fengu Frakkar vítaspyrnu og skoruðu þar sigurmark leiksins. Svekkjandi tap var því staðreynd eftir frábæra frammistöðu.

Næst mætti liðið Sviss fjórum dögum síðar. Ísland hóf leikinn vel og komst yfir með marki frá Fanndísi Friðriksdóttur. En aðeins tíu mínútum síðar tókst Sviss að jafna, og í byrjun síðari hálfleiks komust þær yfir og endaði leikurinn með 2-1 sigri Sviss. Aftur góð frammistaða hjá stelpunum, sem skilaði sér því miður ekki í stigum.

Síðasti leikurinn var gegn Austurríki en ljóst var fyrir leikinn að Ísland ætti ekki möguleika lengur á að komast upp úr riðlinum. Ísland náði sér aldrei á strik í leiknum og 3-0 tap varð niðurstaðan. Neðsta sæti riðilsins var því staðreynd, þrátt fyrir að liðið hafi verið mjög nálægt því að næla sér í stig í fyrstu tveimur leikjunum.

### Undankeppni HM byrjar vel

Liðið hóf undankeppni HM 2019 með leik gegn Færeyjum 18. september og vann þar 8-0 stórsigur. Mánuði síðar var komið að stórleik, en liðið mætti þá Þýskalandi ytra. Ísland átti þar algjöran stórleik og vann magnaðan 3-2 sigur á þýska stálinu, en þetta var í fyrsta sinn sem Ísland vinnur Þýskaland og jafnframt fyrsta tap þýska liðsins í 69 leikjum á 20 árum í undankeppni HM eða EM. Fjórum dögum síðar mætti Ísland Tékklandi, einnig ytra, og endaði leikurinn með 1-1 jafntefli. Við lok ársins situr liðið í þriðja sæti riðilsins, þótt það eigi leik til góða og geti með sigri þar farið í efsta sæti riðilsins. Það er því ljóst að árið 2018 verður risastórt fyrir liðið.



Mynd: Myndasafn KSÍ

# EM Í HOLLANDI



















Myndir: Myndasafn KSÍ

# YNGRI LANDSLIÐ

## Þrjú lið í milliriðla

### U21 karla

Liðið hóf leik í undankeppni EM 2019 í september, en áður en sú keppni hófst lék liðið fjóra æfingaleiki. Þrír þeirra fóru fram í mars, þar sem liðið tapaði 1-3 fyrir Georgíu og gerði 4-4 jafntefli við sama lið ytra. Sádí-Arabar voru sigraðir 3-1 á Ítalíu og 0-3 tap var staðreynd gegn Englandi í júní.

Fyrsti leikur Íslands í undankeppninni var gegn Albaníu, en leikið var á Víkingsvelli. Leikurinn var nokkuð jafn en 2-3 tap var staðreynd. Því næst lék liðið fjóra útileiki. 2-0 sigur vannst gegn Slóvakíu, markalaust jafntefli varð í leik gegn Albaníu, 0-1 tap gegn Spáni og ótrúlegur 3-2 sigur gegn Eistlandi.
Liðið hefur nú leikið helming leikja sinna og situr í 3. sæti með sjö stig. Fjórir af síðustu fimm leikjum liðsins fara fram á Íslandi og því verður spennandi að sjá hvort liðið geti gert atlögu að efstu tveimur sætunum.



Mynd: Myndasafn KSÍ

### U19 kvenna

Árið hófst á tveimur æfingaleikjum gegn Ungverjalandi ytra. Fyrri leikurinn tapaðist 0-2 og sá síðari endaði með 1-1 jafntefli. Liðið hélt síðan til Þýskalands í júní og tók þar þátt í milliriðli fyrir EM 2017. Ísland hóf riðilinn á 0-4 tapi gegn Þýskalandi og 1-2 tapi gegn Póllandi. Í síðasta leiknum gerði liðið 2-2 jafntefli við Sviss og síðasta sæti riðilsins var staðreynd. Ísland tók einnig þátt í undankeppni EM 2018, en leikið var í Þýskalandi. Ísland vann fyrstu tvo leikina þar, gegn Svartfjallalandi 7-0 og Kosóvó 2-0, og því ljóst að það yrði úrslitaleikur um efsta sæti riðilsins þegar liðið mætti Þýskalandi. Heimastúlkur unnu þar 1-0 og enduðu því á toppnum, en Ísland komst einnig áfram í milliriðla.

### U19 karla

Liðið lék tvo æfingaleiki gegn Wales ytra í byrjun september og vann þá báða, 4-0 og 1-0. Í undankeppni EM 2018 var Ísland með Búlgaríu, Englandi og Færeyjum í riðli, en leikið var í Búlgaríu. Liðið hóf riðilinn á 1-2 tapi gegn heimamönnum áður en það tapaði 1-2 gegn Englandi. Ísland náði sér síðan í þrjú stig með 2-1 sigri á Færeyjum og lenti því í þriðja sæti riðilsins.

### U18 karla

Ísland tók þátt í móti í Tékklandi í þessum aldursflokki og var þar í riðli með heimamönnum, Úkraínu og Slóvakíu. Liðið mætti heimamönnum í fyrsta leik og tapaði þeim leik 0-3, en öllu betur gekk í næsta leik þar sem 3-0 sigur vannst á Slóvakíu. Í síðasta leik riðilsins gerði liðið 1-1 jafntefli við Úkraínu og ljóst að Ísland myndi leika um 3.-4. sætið. Þar mætti liðið Bandaríkjunum og tapaði 0-4.

## U17 kvenna

U17 kvenna lék 15 leiki á árinu og hóf leik með þátttöku í UEFA móti sem haldið var í Skotlandi. Mótherjar liðsins þar voru Skotland, Austurríki og Tékkland. Fyrstu tveir leikir liðsins voru 0-1 tap gegn Tékklandi og 0-3 tap gegn Skotlandi. Í síðasta leiknum vannst 1-0 sigur gegn Austurríki. Því næst voru leiknir tveir leikir gegn Austurríki, sá fyrri endaði með 2-0 sigri og sá síðari með 2-2 jafntefli.

Liðið tók þátt í milliriðli fyrir EM 2017, en leikið var í Portúgal. Liðið vann Svíþjóð 1-0 og Portúgal 4-1, en tapaði 0-3 fyrir Spáni, sem fór áfram í lokakeppnina. Í lok júní og byrjun júlí tók Ísland þátt í Norðurlandamótinu og var þar með Finnlandi, Frakklandi og Svíþjóð í riðli. Liðið spilaði frábærlega í riðlakeppninni, vann Finnland og Svíþjóð en tapaði fyrir Frakklandi. Annað sæti riðilsins var því staðreynd og lék liðið gegn Þýskalandi í leik um 3.-4. sæti og tapaði þar 0-4.

Að lokum tók Ísland þátt í undankeppni EM 2018 og var þar í riðli með Spáni, Aserbaídsjan og Svartfjallalandi. Liðið vann Aserbaídsjan 2-0 og Svartfjallaland 5-0. Síðasti leikurinn gegn Spáni var því úrslitaleikur um fyrsta sæti riðilsins og vann Spánn leikinn 2-1.  Annað sætið var því staðreynd fyrir Ísland og sæti í milliriðlum tryggt.



Mynd: Myndasafn KSÍ

## U17 karla

U17 karla lék 10 leiki á árinu og hóf leik í lok febrúar og byrjun mars á UEFA móti í Skotlandi. Þar voru mótherjar liðsins Skotland, Austurríki og Króatía. Liðið gerði þar tvö jafntefli, 2-2 gegn Austurríki og 0-0 gegn Króatíu, en tapaði 1-2 fyrir Skotlandi.

Í lok júlí og byrjun ágúst keppti Ísland á Norðurlandamótinu og var þar með Noregi, Póllandi og Norður-Írlandi í riðli, en leikið var á Íslandi. Liðið byrjaði vel og vann frábæran 3-0 sigur á Norður-Írum áður en það gerði 1-1 jafntefli við Noreg. Það var því ljóst að sigur í síðasta leiknum myndi koma Íslandi í úrslitaleikinn. Það tókst því miður ekki og 1-2 tap gegn Póllandi var staðreynd. Liðið lék í staðinn um 5.-6. sæti gegn Finnlandi og tapaði þar í vítaspyrnukeppni eftir að leikurinn endaði 2-2.

Ísland lauk síðan árinu með því að taka þátt í undankeppni EM 2018 og var þar í riðli með Finnlandi, Rússlandi og Færeyjum. Góð frammistaða liðsins hélt þar áfram og vann liðið bæði Færeyjar og Rússland 2-0 ásamt því að gera markalaust jafntefli við Finnland. Því var sæti í milliriðlum tryggt.

## U15 karla

U15 ára lið karla lék tvo leiki á árinu gegn Færyejum og fóru þeir báðir fram hér á landi. Fyrri leikurinn var leikinn í Egilshöll og vannst þar frábær 5-1 sigur. Síðari leikurinn fór fram tveimur dögum síðar og nældu íslensku strákarnir þá í 7-0, en leikið var í Akraneshöll.

# EVRÓPUKEPPNIR




Mynd: Morgunblaðið/Árni Sæberg

## Stjörnukonur í 16 liða úrslit

### MEISTARADEILD EVRÓPU

**Stjarnan í 16 liða úrslit í fyrsta sinn**

Kvennalið Stjörnunnar lék í undankeppni Meistaradeildarinnar og var í riðli með ŽNK Osijek, KÍ og ZFK Istanov, en riðillinn var leikinn í Króatíu. Liðið stóð sig frábærlega þar, vann alla þrjá leikina, skoraði 21 mark og hélt hreinu í öllum leikjunum. Stjarnan hóf leik á 9-0 sigri gegn KÍ og 11-0 sigri á ZFK Istanov. Ljóst var að síðasti leikurinn yrði úrslitaleikur um fyrsta sæti riðilsins og unnu Garðbæingar heimamenn 1-0. Með þessum úrslitum tryggði Stjarnan sér sæti í 32ja liða úrslitum, en þar dróst það gegn Rossiyanka frá Rússlandi. Fyrri leikur liðanna fór fram á Samsung vellinum í Garðabæ í byrjun október og kom Katrín Ásbjörnsdóttir Stjörnunni yfir af vítapunktinum um miðjan fyrri hálfleik. Rossiyanka tókst hins vegar að jafna leikinn í upphafi seinni hálfleiks og þar við sat. 1-1 jafntefli var niðurstaðan. Seinni leikurinn fór fram viku síðar í Rússlandi þar sem Stjarnan vann magnaðan 4-0 sigur með mörkum frá Hörpu Þorsteinsdóttur og Katrínu Ásbjörnsdóttur.

Með sigrinum tryggði Stjarnan sér sæti í 16 liða úrslitum í fyrsta sinn og hafði íslensku liði ekki tekist það síðan núverandi keppnisfyrirkomulag var tekið upp. Slavia Prag voru andstæðingar liðsins þar og eftir hetjulega baráttu þurftu Garðbæingar að játa sig sigraða. Liðið tapaði fyrri leiknum á heimavelli 1-2 og markalaust jafntefli var niðurstaða síðari leiksins í Tékklandi.

## EVRÓPUDEILDIN

### Viðar Örn skoraði gegn KR

Valur, Stjarnan og KR léku í Evrópudeildinni. Valur var eina liðið sem hóf leik á útivelli þar sem liðið mætti Ventspils frá Lettlandi. Liðin gerðu markalaust jafntefli í Lettlandi, áður en Valur vann seinni leikinn á Valsvelli 1-0. Í næstu umferð dróst Valur gegn Domzale frá Slóveníu og fór fyrri leikurinn fram á Valsvelli. Gestirnir kræktu þar í 2-1 sigur og unnu síðan leikinn í Slóveníu 3-2. Því var ljóst að Evrópuævintýri Valsara yrði ekki lengra.

Stjarnan lék gegn írska liðinu Shamrock Rovers og hóf leik á 0-1 tapi á Samsung vellinum. Hið sama var uppi á teningnum í seinni leiknum og því 0-2 samanlagt tap staðreyndin.

KR dróst gegn finnska liðinu SJK og gerðu liðin markalaust jafntefli á Alvogenvellinum. Seinni leikurinn var þó mun jákvæðari fyrir liðið, þar sem 2-0 sigur var staðreynd. Maccabi Tel Aviv var næsti andstæðingur liðsins, en Viðar Örn Kjartansson leikur með ísraelska liðinu. Fyrri leikurinn fór fram ytra og skoraði Viðar Örn eitt mark í 3-1 sigri Maccabi Tel Aviv. Seinni leikurinn var svipaður og unnu gestirnir 2-0 sigur, samtals 5-1.

## MEISTARADEILD EVRÓPU

### FH í umspil um sæti í riðlakeppni Evrópudeildarinnar

FH lék í undankeppni Meistaradeildarinnar og dróst fyrst gegn Víking frá Færeyjum. Liðin mættust fyrst í Kaplakrika þar sem heimamenn lentu í vandræðum með gestina. 1-1 jafntefli varð niðurstaðan og erfið staða fyrir FH komin upp. Liðið lék þó vel í Færeyjum og nældi í 2-0 sigur þar. Í næstu umferð voru Maribor frá Slóveníu mótherjar liðsins og fór fyrri leikurinn fram ytra. Slóvensku meistararnir stjórnuðu leiknum þar en náðu aðeins 1-0 sigri og því ljóst að FH ætti ágæta möguleika í seinni leiknum. Hafnfirðingar fengu ágæt færi á að skora, en tókst það ekki og annað 0-1 tap var staðreynd. Í ljósi tapsins færðist FH yfir í undankeppni Evrópudeildarinnar og dróst þar gegn Braga frá Portúgal. FH tapaði fyrri leiknum heima 1-2 og útileiknum 2-3, en frammistaða liðsins í leikjunum tveimur var þó mjög góð.

Breiðablik tók þátt í Unglingadeild Evrópu og lék gegn Legia Varsjá frá Póllandi. Fyrri leikur liðanna fór fram á Kópavogsvelli og töpuðu Blikar leiknum 1-3. Þrátt fyrir gott markalaust jafntefli í seinni leiknum var Breiðablik úr leik.

Valur tekur þátt í undankeppni Meistaradeildarinnar 2018 en Stjarnan, FH og ÍBV leika í forkeppni Evrópudeildarinnar.



Mynd: Fotbolti.net/Hafliði Breiðfjörð

# MÓTIN INNANLANDS

## Pepsi-deild karla
### Valur Íslandsmeistari

Íslandsmótið fór vel af stað og var nokkuð jafnt til að byrja með. Valur, Stjarnan og Grindavík voru jöfn að stigum eftir sex umferðir en í þeirri sjöundu settist Valur einn á toppinn og var þar allt til loka tímabilsins. Baráttan um Evrópusæti var hörð, en þónokkur lið áttu möguleika á 2. og 3. sætinu. Á endanum fór það þannig að Valur var krýndur Íslandsmeistari og lauk keppni með 50 stig, sjö stigum meira en FH vann deildina með ári áður. Stjarnan kom næst með 38 stig og FH nældi í þriðja sætið og með því sæti í Evrópukeppni, en liðið endaði með 35 stig. Það voru Víkingur Ólafsvík og ÍA sem þurftu að bíta í það súra epli að falla niður í Inkasso-deildina.

Andri Rúnar Bjarnason var valinn leikmaður ársins af leikmönnum deildarinnar, en hann var jafnframt markahæstur með 19 mörk og jafnaði með því markametið í efstu deild. Alex Þór Hauksson var kosinn efnilegastur.

Valur vann Meistarakeppni KSÍ með 1-0 sigri á FH en KR varð Lengjubikarmeistari eftir 4-0 sigur á Grindavík.

Alls mættu 110.675 áhorfendur á leiki Pepsi-deildar karla á seinasta tímabili eða 838 að meðaltali á hvern leik, en þetta er lakasta aðsóknin í 19 ár, eða frá árinu 1998. Flestir mættu á heimaleiki KR, eða 1.124 að meðaltali á hvern leik. Næstbesta aðsóknin var á Kópavogsvöll þar sem 1.081 áhorfandi mætti að meðaltali. Flestir áhorfendur voru á leik FH og Stjörnunnar en þá sóttu 2.036 áhorfendur Kaplakrika heim.

## Pepsi-deild kvenna
### Þór/KA Íslandsmeistari

Þór/KA varð Íslandsmeistari í annað sinn í sögu liðsins, en áður náði liðið því árið 2012. Þór/KA tók forystuna í deildinni eftir þriðju umferð og hélt henni allt til loka. Liðið fór frábærlega af stað, vann fyrstu níu leiki sína og tapaði ekki leik fyrr en í 15. umferð gegn ÍBV í Vestmannaeyjum. Þrátt fyrir




Mynd: Myndasafn KSÍ

þessa miklu yfirburði framan af voru þær nálægt því að missa titilinn frá sér, en aðeins munaði tveimur stigum á þeim og Breiðabliki fyrir síðustu umferðina. Breiðablik komst yfir gegn Grindavík í fyrri hálfleik í sínum leik og vann hann á endanum 4-0. Það tók Þór/KA hins vegar lengri tíma að brjóta FH á bak aftur, en Sandra María Jessen skoraði fyrsta mark leiksins á 74. mínútu. Fjórum mínútum síðar bætti Stephany Mayor við öðru marki og ljóst að titillinn væri á leiðinni til Akureyrar. Stephany Mayor var valin leikmaður ársins, en hún var jafnframt markahæst með 19 mörk. Agla María Albertsdóttir var kosin efnilegust.

Breiðablik vann Meistarakeppni KSÍ með 3-0 sigri á Stjörnunni og Valur varð Lengjubikarmeistari með 2-1 sigri á Breiðabliki.

## Borgunarbikarinn
## ÍBV meistarar í karla- og kvennaflokki

Annað árið í röð komust bæði karla- og kvennalið ÍBV alla leið í úrslit Borgunarbikarsins. Eftir að hafa bæði þurft að sætta sig við tap í fyrra tókst báðum að hampa bikarnum í ár. Konurnar unnu Stjörnuna í framlengdum leik, 3-2, og karlarnir unnu FH 1-0.
Á leið sinni í úrslit Borgunarbikars kvenna sló ÍBV út Selfoss, Hauka og Grindavík á meðan Stjarnan vann KR, Þór/KA og Val. Úrslitaleikurinn byrjaði frábærlega fyrir Eyjastúlkur, en Cloe Lacasse kom liðinu yfir eftir aðeins fjórar mínútur. Stjarnan gafst hins vegar ekki upp og skoraði tvö mörk, með einnar mínútu millibili, undir lok seinni hálfleiks. Það var síðan ekki fyrr en á 89. mínútu sem ÍBV tókst að jafna metin og með því var ljóst að framlenging yrði staðreynd. Þar var það Sigríður Lára Garðarsdóttir sem varð hetja ÍBV þegar hún skoraði þegar átta mínútur voru eftir af framlengingunni. Fyrsti sigur ÍBV í bikarkeppninni síðan 2004 var því staðreynd og aðeins annar sigur þeirra í sögunni.

Leið ÍBV í úrslitaleikinn karlamegin var KH, Fjölnir, Víkingur Reykjavík og Stjarnan. Á sama tíma lék FH gegn Sindra, Selfossi, Fylki og Leikni Reykjavík. Eyjamenn byrjuðu leikinn af krafti og höfðu yfirhöndina í fyrri hálfleik. Það var síðan á 37. mínútu sem Gunnar Heiðar Þorvaldsson skoraði fyrsta og eina mark leiksins. 1-0 sigur var staðreynd hjá ÍBV og fyrsti titill liðsins í 19 ár kominn í hús.



Mynd: Morgunblaðið/Skapti Hallgrímsson

# DÓMARAMÁL




Mynd: Fotbolti.net/Hafliði Breiðfjörð

## Bríet og Gunnar Jarl dómarar ársins

Bríet Bragadóttir var valin besti dómari ársins af leikmönnum Pepsi-deildar kvenna. Bríet varð á árinu fyrst kvenna til að dæma bikarúrslitaleik og var í lok árs skipuð á lista FIFA fyrir alþjóðlega dómara, einnig fyrst kvenna á Íslandi.

Gunnar Jarl Jónsson var valinn besti dómari ársins af leikmönnum Pepsi-deildar karla. Hann er einn af reynslumestu dómurum landsins, en eftir tímabilið tilkynnti hann að hann hefði lagt flautuna á hilluna.

Þóroddur Hjaltalín var dómari í lokakeppni UEFA Regions Cup sem fór fram í Tyrklandi í júlí. Um er að ræða keppni áhugamannaliða á vegum UEFA. Þóroddur dæmdi tvo leiki á mótinu auk þess að vera fjórði dómari í einum leik.

## Dómarar í Sádí-Arabíu

Mark Clattenburg, fyrrverandi dómari í ensku úrvalsdeildinni, tók á þessu ári við stöðu dómarastjóra í Sádí-Arabíu. Hann bauð KSÍ að senda dómara til að dæma í efstu deild þar í landi og fóru Þorvaldur Árnason, Jóhann Gunnar Guðmundsson og Gylfi Már Sigurðsson. Þeir dæmdu þar leik Al-Batin og Al-Taawoun.

## Íslenskir dómarar á CORE námskeiði í Sviss

Þrír íslenskir dómarar fóru til Sviss og tóku þátt í svokölluðu „CORE“ námskeiði sem haldið er á vegum UEFA. Um er að ræða verkefni fyrir unga og efnilega dómara en CORE stendur fyrir „Centre of Refereeing Excellence“. Þeir Helgi Mikael Jónasson, Gylfi Tryggvason og Þórður Arnar Árnason voru í Sviss í tíu daga og munu svo sækja annað námskeið á næsta ári.



Mynd: Fotbolti.net/Hafliði Breiðfjörð

# ÁRIÐ SEM LEIÐ




Mynd: Myndasafn KSÍ

# Það helsta frá 2017

## Stjórn KSÍ

71. ársþing KSÍ var haldið í Höllinni í Vestmannaeyjum 11. febrúar 2017.

**Stjórn KSÍ var þannig skipuð að loknu ársþingi:**

Guðni Bergsson, formaður
Guðrún Inga Sívertsen, varaformaður
Gísli Gíslason, gjaldkeri
Magnús Gylfason, ritari
Vignir Már Þormóðsson
Borghildur Sigurðardóttir
Jóhannes Ólafsson
Ragnhildur Skúladóttir
Rúnar Arnarson

**Varamenn í aðalstjórn:**

Ingvar Guðjónsson
Jóhann Torfason
Kristinn Jakobsson

Aðalfulltrúi Austurlands var kjörinn Magnús Ásgrímsson, Jakob Skúlason fyrir Vesturland, Björn Friðþjófsson fyrir Norðurland og Tómas Þóroddsson fyrir Suðurland.

Guðni Bergsson var kjörinn formaður KSÍ, en Geir Þorsteinsson hafði tilkynnt að hann myndi ekki sækjast eftir endurkjöri sem formaður KSÍ.

Stjórn KSÍ hélt 13 bókaða fundi á árinu (milli ársþinga). Fundargerðir stjórnar má sjá á vef KSÍ:
http://www.ksi.is/um-ksi/fundargerdir-stjornar/

## Starfsfólk KSÍ

Þrír nýir starfsmenn hófu störf á skrifstofu KSÍ á árinu 2017. Bryndís Einarsdóttir tók við sem fjármálastjóri KSÍ, Ómar Smárason kom aftur til starfa sem markaðsstjóri og Jóhann Ólafur Sigurðsson kom til starfa í fjölmiðla- og markaðsmálum. Þá urðu breytingar á þjálfaramálum yngri landsliða en Þorlákur Árnason tók við hæfileikamótun N1 og KSÍ af Dean Martin sem lét af störfum.

## Starfsfólk KSÍ 2017

Klara Bjartmarz, framkvæmdastjóri
Arnar Bill Gunnarsson, fræðslustjóri
Birkir Sveinsson, mótastjóri
Bryndís Einarsdóttir, fjármálastjóri
Dagur Sveinn Dagbjartsson, fræðslumál
Guðlaugur Gunnarsson, mótamál
Gunnar Gylfason, landsliðsmál
Haukur Hinriksson, lögfræðingur
Hilmar Þór Guðmundsson, markaðsmál
Jóhann Kristinsson, vallarstjóri
Jóhann Ólafur Sigurðsson, markaðsmál
Kristinn V. Jóhannsson, vallarstjóri
Magnús Már Jónsson, dómarastjóri
Margrét Elíasdóttir, ritari
Ómar Smárason, markaðsstjóri
Óskar Örn Guðbrandsson, markaðsmál
Pjetur Sigurðsson, dómaramál
Ragnheiður Elíasdóttir, ritari
Þorvaldur Ingimundarson, mótamál

## Selfoss og Álftanes Íslandsmeistarar í innanhúsknattspyrnu

Selfoss vann Víking Ólafsvík 3-2 í úrslitaleik karla í innanhúsknattspyrnu. Víkingar byrjuðu betur og voru 1-0 yfir í hálfleik, en Selfoss seig síðan fram úr í þeim seinni. Í kvennaflokki vann Álftanes 4-3 sigur á Selfossi eftir að hafa leitt 3-1 í hálfleik.

## KSÍ 70 ára á árinu

KSÍ varð 70 ára á árinu, en fjórtán félög og íþróttabandalög stofnuðu KSÍ 26. mars 1947 og var Agnar Klemens Jónsson fyrsti formaður KSÍ. Á þessum 70 árum hafa níu aðilar gegnt formannsembætti og var Guðni Bergsson kjörinn 9. formaðurinn á ársþingi KSÍ fyrr á þessu ári.

## UEFA Elite A Youth þjálfaranámskeið

Helgina 28.-30. apríl hófst nýtt námskeið hjá KSÍ sem bar nafnið UEFA Elite A Youth. Hluti af EM-framlaginu sem félögin fengu haustið 2016 var skilyrt því að þau sendu þjálfara á námskeiðið. Markmið þess er að bæta þjálfun efnilegustu leikmanna landsins á aldrinum 13-19 ára.

Í lok ágúst útskrifuðust 11 þjálfarar af námskeiðinu, en fleiri munu gera það á næstunni.

## Ísland með í FIFA 18 tölvuleiknum

Samningar náðust á árinu á milli EA SPORTS og KSÍ um að íslenska karlalandsliðið yrði með í FIFA 18, sem er einn vinsælasti tölvuleikur í heimi. Sena, sem gefur út leikinn á Íslandi, og EA SPORTS létu af þessu tilefni hanna sérstaka kápu utan um leikinn sem skartar íslensku landsliðstreyjunni.

## Andri Rúnar Bjarnason jafnaði markametið í efstu deild

Andri Rúnar Bjarnason, leikmaður Grindavíkur, jafnaði markametið í efstu deild karla þegar hann skoraði 19 mörk á tímabilinu. Með því er hann kominn í hóp með Guðmundi Torfasyni, Pétri Péturssyni, Tryggva Guðmundssyni og Þórði Guðjónssyni, en allir hafa þeir skorað 19 mörk í efstu deild karla.

## KSÍ og UEFA vinna að frekari framförum í íslenskri knattspyrnu

KSÍ og UEFA hófu á árinu að vinna saman að því að kanna hvernig hægt sé að þróa knattspyrnuna áfram á Íslandi. UEFA GROW er hannað til þess að hjálpa knattspyrnunni að dafna vel í Evrópu. Verkefnið hjálpar til við allt tengt knattspyrnu, hvort sem það er inni á vellinum eða fyrir utan hann.

## KSÍ og Sideline Sports í samstarf

KSÍ og Sideline Sports hafa gert með sér fimm ára samstarfssamning. Allir landsliðsþjálfarar sambandsins hafa fullan aðgang að hugbúnaði Sideline og hafa undanfarin ár nýtt sér forritið til leikgreiningar. KSÍ mun einnig nýta sér forritið á þjálfaranámskeiðum og munu þjálfarar sem taka KSÍ A og Afreksþjálfun Unglinga þjálfaragráðurnar fá kennslu á hugbúnaðinn og tímabundinn aðgang að honum.

## KSÍ og Knattspyrnusamband Hong Kong í samstarf

Á árinu komust KSÍ og Knattspyrnusamband Hong Kong að samkomulagi um samstarf sín á milli. Markmið þess er að víkka sjóndeildarhring beggja þjóða, skiptast á hugmyndum er snúa að þjálfaramenntun og þjálfun ungra leikmanna, bæði varðandi aðferðir og innihald, og að þjóðirnar aðstoði hvor aðra við þróun fótboltans í löndunum tveimur.

## The Super Match á Íslandi

The Super Match var í fyrsta sinn með leik á Íslandi í ágúst og mættust þar ensku úrvalsdeildarliðin Manchester City og West Ham. Mörg þúsund manns skemmtu sér vel á leiknum, en það var Manchester City sem hafði betur og vann góðan 3-0 sigur með mörkum frá Gabriel Jesus, Sergio Aguero og Raheem Sterling.




Mynd: Myndasafn KSÍ

## Ísland aldrei ofar á heimslista FIFA

A landslið karla komst hæst í 19. sæti á heimslista FIFA á árinu og hefur liðið aldrei komist hærra en það. Í lok árs sat liðið í 22. sæti listans.

## Úthlutað til 25 verkefna úr mannvirkjasjóði

Stjórn KSÍ samþykkti á fundi sínum í apríl úthlutun úr mannvirkjasjóði KSÍ. Þetta var í tíunda skiptið sem úthlutað er úr honum, en ný reglugerð um sjóðinn tók gildi í byrjun árs 2012. Alls var úthlutað til 25 verkefna, samtals um 170 milljónum króna. Í samræmi við reglugerð um sjóðinn njóta forgangs þær umsóknir sem miða að því að uppfylla kröfur vegna leyfiskerfis KSÍ. Vilyrði fyrir styrk þarf að endurnýja fyrir þau verkefni sem ekki hefjast á árinu.

## Ísland í deild A í Þjóðadeild UEFA

UEFA staðfesti á árinu skiptingu liða í hina nýju Þjóðadeild A landsliða karla, UEFA Nations League. Ásamt Íslandi í deild A verða Þýskaland, Portúgal, Belgía, Spánn, Frakkland, England, Sviss, Ítalía, Pólland, Króatía og Holland. Dregið var í riðla í janúar 2018 og verður Ísland í riðli með Belgíu og Sviss.

## Alþjóðaleikar Asparinnar fóru fram í Egilshöll í september

Alþjóðaleikar Asparinnar, sem er íþróttafélag fyrir fatlaða iðkendur, fóru fram 16. september í Egilshöll, en á mótinu kepptu 12 lið og var leikið í tveimur riðlum. Þess má geta að gestalið komu frá Færeyjum og eyjunni Mön, en einnig keppti 4. flokkur Fjölnis sem gestalið. Mikil stemning var á mótinu, en Fjölnir vann riðil 1 og Mön riðil 2.

## KSÍ styrkir söfnunarátakið Á allra vörum

KSÍ styrkti á árinu söfnunarátakið Á allra vörum og fengu leikmenn og þjálfarar A landsliðs kvenna varaglossa að gjöf frá KSÍ. Að þessu sinni var safnað fyrir Kvennaathvarfið og fyrir nýju húsnæði fyrir konur og börn sem ekki eiga í nein hús að venda eftir að dvöl þeirra í Kvennaathvarfinu lýkur.

## Gylfi Þór og Sara Björk knattspyrnufólk ársins 2017

Leikmannaval KSÍ valdi Gylfa Þór Sigurðsson og Söru Björk Gunnarsdóttur knattspyrnufólk ársins 2017. Þetta var í 14. sinn sem knattspyrnufólk ársins var sérstaklega útnefnt af KSÍ og voru það fjölmargir aðilar, m.a. fyrrverandi landsliðsmenn, þjálfarar og forystumenn í knattspyrnuhreyfingunni, sem völdu.

## Knattspyrnumaður ársins

Gylfi Þór Sigurðsson var frábær á síðasta keppnistímabili hjá Swansea City, líkt og venjulega, og skoraði níu mörk og átti 13 stoðsendingar í ensku úrvalsdeildinni. Hann átti stóran hlut í því að halda liðinu í efstu deild, en það endaði í 15. sæti. Síðastliðið sumar var Gylfi seldur til Everton og varð með því langdýrasti knattspyrnumaður Íslands. Fyrir Everton hefur hann leikið 20 leiki á yfirstandandi leiktímabili, skorað þrjú mörk og átt þrjár stoðsendingar.

Gylfi hefur verið lykilmaður í landsliði Íslands á árinu, sem fyrr. Hann skoraði fjögur mörk og átti þrjár stoðsendingar í sjö leikjum, og byrjaði í öllum leikjum liðsins í undankeppni HM 2018 í Rússlandi.

## Knattspyrnukona ársins

Sara Björk Gunnarsdóttir er lykilmaður í þýska stórliðinu Wolfsburg og vann bæði deildina og bikarinn á sínu fyrsta tímabili með liðinu. Á yfirstandandi tímabili hefur Sara leikið alla leiki liðsins og skorað tvö mörk, en Wolfsburg situr á toppi deildarinnar.

Sara lék 14 leiki með Íslandi árið 2017 og skoraði í þeim eitt mark. Hún var fyrirliði liðsins í úrslitakeppni EM 2017 í Hollandi og algjör lykilmaður á miðjunni.



Mynd: Myndasafn KSÍ




## 137 beinar útsendingar

Alls var sýnt beint frá 137 leikjum í mótum ársins 2017, sem var aukning frá árinu 2016 þegar alls voru sýndir 129 leikir í beinni útsendingu.

Beinar útsendingar frá Pepsi-deild karla á Stöð 2 Sport voru 73 talsins en árið á undan var sýnt frá 27 leikjum.

Í Pepsi-deild kvenna voru 19 leikir í beinni útsendingu. Alls voru 22 leikir sýndir beint frá Inkasso-deild karla og 12 leikir frá Lengjubikar karla.

Stöð 2 Sport sýndi beint frá alls níu leikjum í Borgunarbikar karla, sem var einum færra en á síðasta tímabili. Einnig voru sýndir tveir leikir í Borgunarbikar kvenna.

Stöð 2 Sport sýndi einnig frá leikjum íslenskra liða í Evrópudeildinni og Meistaradeild Evrópu og fleiri leikir voru einnig sýndir á Sport TV í samstarfi við 365 Miðla.

## Efsta deild karla

| Ár | Beinar útsendingar |
|---|---|
| 2017 | 73 |
| 2016 | 72 |
| 2015 | 27 |
| 2014 | 29 |
| 2013 | 26 |
| 2012 | 25 |
| 2011 | 25 |

## Efsta deild kvenna

| Ár | Beinar útsendingar |
|---|---|
| 2017 | 19 |
| 2016 | 20 |
| 2015 | 19 |
| 2014 | 24 |
| 2013 | 18 |
| 2012 | 17 |
| 2011 | 23 |

## Inkasso-deildin

| Ár | Beinar útsendingar |
|---|---|
| 2017 | 22 |
| 2016 | 22 |
| 2015 | 26 |
| 2014 | 27 |
| 2013 | 19 |
| 2012 | 22 |
| 2011 | 0 |

## Þrjú mörk í leik

Í Pepsi-deild karla síðastliðið sumar voru skoruð 403 mörk í leikjunum 132, eða rétt rúmlega þrjú að meðaltali í leik, og hækkar meðaltalið því í fyrsta sinn í sex ár.

## Meðaltal marka í efstu deild karla

| Ár | Meðaltal |
|---|---|
| 2017 | 3,0 |
| 2016 | 2,7 |
| 2015 | 2,9 |
| 2014 | 3,0 |
| 2013 | 3,1 |
| 2012 | 3,2 |

Mörkunum í Pepsi-deild kvenna fjölgaði að meðaltali í leik eftir að hafa reglulega tekið dýfu síðustu ár. Í leikjunum 90 voru skoruð 284 mörk, eða rétt rúmlega þrjú mörk að meðaltali í leik.

## Meðaltal marka í efstu deild kvenna

| Ár | Meðaltal |
|---|---|
| 2017 | 3,0 |
| 2016 | 2,9 |
| 2015 | 3,6 |
| 2014 | 3,5 |
| 2013 | 3,8 |
| 2012 | 4,1 |



Mynd: Myndasafn KSÍ

# LAUGARDALSVÖLLUR



KSÍ hefur haft til skoðunar um nokkurt skeið mögulega uppbyggingu Laugardalsvallar sem þjóðarleikvangs fyrir knattspyrnu. Í kjölfar góðs árangurs karla- og kvennalandsliða í knattspyrnu hefur farið fram umræða um stöðu Laugardalsvallar í alþjóðlegu samhengi en völlurinn og mannvirki umhverfis hann standast ekki alþjóðlegar kröfur. KSÍ hefur undanfarin misseri skoðað ýmsa möguleika til úrbóta og fyrir liggur hagkvæmniathugun þar sem sviðsmyndir vegna mögulegrar uppbyggingar eru kynntar. Ríki og Reykjavíkurborg hafa stutt verkefnið með fjárframlögum, m.a. vegna kostnaðargreiningar. Guðni Bergsson, formaður KSÍ, kynnti á sínum tíma þrjár tillögur sem snúa að endurbyggingu Laugardalsvallar, allt frá upplyftingu á vellinum að umbreytingu hans yfir í fjölnota leikvang með færanlegu þaki sem væri í notkun allt árið um kring og gæti hýst leiki annarra landsliða sem og aðra viðburði eins og tónleika og ráðstefnur.

Nú þegar fyrir liggja hagkvæmniathugun, rekstraráætlun, forhönnun og kostnaðarmat er næsta skref að leggja mat á undirbúningsgögnin og taka ákvörðun um framhald málsins. Forsætisráðherra og borgarstjórinn í Reykjavík hafa ákveðið að skipa starfshóp í samstarfi við KSÍ sem fara skal yfir fyrirliggjandi tillögur, leggja mat á þær og gera tillögur um mögulega uppbyggingu.



# FJÁRMÁL




Mynd: Myndasafn KSÍ

# Það helsta frá 2017

## 118 milljónir króna til barna- og unglinga-starfs

Hluti þeirra tekna sem UEFA hafði af Meistaradeildinni keppnistímabilið 2016/2017 rann til félaga í öllum aðildarlöndum UEFA til eflingar knattspyrnu barna- og unglinga. Uppgjör vegna Meistaradeildarinnar sem lauk vorið 2017 fór fram um haustið og fengu félög í Pepsi-deild karla tæpar 60 milljónir króna í sinn hlut til barna- og unglingastarfs.

Stjórn KSÍ samþykkti að leggja til 58,3 milljónir króna til viðbótar sem skiptast á milli aðildarfélaga í öðrum deildum og utan deilda. Skipting á framlagi til barna- og unglingastarfs var þá með þeim hætti að félög úr Pepsi-deild fengu tæpar 5 milljónir kr., félög úr 1. deild fengu 2.400.000 kr., félög í 2. deild fengu 1.500.000 kr. hvert, en önnur félög í deildarkeppni og sameiginleg lið í efri deildum fengu 1.000.000 kr. Úthlutun var háð því að félög hefðu haldið úti starfsemi í yngri flokkum og urðu félög utan deildarkeppni og félög sem ekki héldu úti starfsemi hjá báðum kynjum að sækja sérstaklega um framlag. Samtals var því framlag til barna- og unglingastarfs fyrir árið 2017 116 milljónir króna.

## 153 milljónir fyrir sjónvarps- og markaðs-réttindi

Félög í Pepsi-deildum, Inkasso-deild og Borgunar-bikar fengu sérstakar greiðslur fyrir sjónvarpsréttindi, að upphæð samtals um 153 milljónir króna. Innifalið í þessari tölu er verðlaunafé samkvæmt töflunni hér fyrir aftan.

### Pepsi-deild karla

| Sæti | Félag | Upphæð |
|---|---|---|
| 1 | Valur | 1.000.000 |
| 2 | Stjarnan | 700.000 |
| 3 | FH | 500.000 |
| 4 | KR | 300.000 |
| 5 | Grindavík | 300.000 |
| 6 | Breiðablik | 300.000 |
| 7 | KA | 300.000 |
| 8 | Víkingur R. | 300.000 |
| 9 | ÍBV | 200.000 |
| 10 | Fjölnir | 200.000 |
| 11 | Víkingur Ó. | 200.000 |
| 12 | ÍA | 200.000 |

### Pepsi-deild kvenna

| Sæti | Félag | Upphæð |
|---|---|---|
| 1 | Þór/KA | 1.000.000 |
| 2 | Breiðablik | 700.000 |
| 3 | Valur | 500.000 |
| 4 | Stjarnan | 300.000 |
| 5 | ÍBV | 300.000 |
| 6 | FH | 300.000 |
| 7 | Grindavík | 300.000 |
| 8 | KR | 300.000 |
| 9 | Fylkir | 200.000 |
| 10 | Haukar | 200.000 |

### Borgunarbikar karla

| Sæti | Félag | Upphæð |
|---|---|---|
| 1 | ÍBV | 1.000.000 |
| 2 | FH | 500.000 |
| 3-4 | Leiknir R. | 300.000 |
| 3-4 | Stjarnan | 300.000 |
| 5-8 | ÍA | 200.000 |
| 5-8 | KR | 200.000 |
| 5-8 | Víkingur R. | 200.000 |
| 5-8 | Fylkir | 200.000 |
| 9-16 | Grindavík | 137.500 |
| 9-16 | Valur | 137.500 |
| 9-16 | ÍR | 137.500 |
| 9-16 | Selfoss | 137.500 |
| 9-16 | Ægir | 137.500 |
| 9-16 | Víðir | 137.500 |
| 9-16 | Fjölnir | 137.500 |
| 9-16 | Grótta | 137.500 |

## Borgunarbikar kvenna

| Sæti | Félag | Upphæð |
|---|---|---|
| 1 | ÍBV | 1.000.000 |
| 2 | Stjarnan | 500.000 |
| 3-4 | Valur | 300.000 |
| 3-4 | Grindavík | 300.000 |

## Inkasso-deild karla

| Sæti | Félag | Upphæð |
|---|---|---|
| 1 | Fylkir | 1.000.000 |
| 2 | Keflavík | 700.000 |
| 3 | Þróttur R. | 500.000 |
| 4 | HK | 300.000 |
| 5 | Leiknir R. | 300.000 |
| 6 | Þór | 300.000 |
| 7 | Haukar | 300.000 |
| 8 | Selfoss | 300.000 |
| 9 | Fram | 200.000 |
| 10 | ÍR | 200.000 |
| 11 | Leiknir F. | 200.000 |
| 12 | Grótta | 200.000 |

## Lengjubikar

| | | |
|---|---|---|
| A-deild karla | KR | 500.000 |
| B-deild karla | Víðir | 300.000 |
| C-deild karla | Álftanes | 200.000 |
| A-deild kvenna | Valur | 500.000 |
| B-deild kvenna | Fylkir | 300.000 |
| C-deild kvenna | HK/Víkingur | 200.000 |

## Um 303 milljónir vegna þátttöku í UEFA-keppnum

FH fékk rúmar 154 milljónir (1.245.000 evrur) fyrir Íslandsmeistaratitilinn, þátttöku í undankeppni Meistaradeildar Evrópu (UEFA Champions League) og umspil fyrir riðlakeppni Evrópudeildarinnar (UEFA Europa League). Valur og KR fengu tæpar 55 milljónir (440.000 evrur) og Stjarnan tæpar 27 milljónir (215.000 evrur) fyrir þátttöku í forkeppni Evrópudeildar UEFA.

Stjarnan fékk 11,2 milljónir króna (90.000 evrur) vegna þátttöku í Meistaradeild kvenna (UEFA Women's Champions League). Breiðablik tók þátt í Unglingadeild UEFA (UEFA Youth League) og fékk styrk frá UEFA að upphæð 3,2 milljónir króna (26.000 evrur).

Auk þessa fengu félög sem tóku þátt í Evrópukeppni 2016 framlög vegna sekta UEFA á þau félög í Evrópu sem ekki stóðust kröfur um fjárhagslega háttvísi (Financial Fair Play) skv. reglum þar um. FH, KR, Valur og Breiðablik fengu í sinn hlut um 1 milljón króna hvert félag, eða samtals 4 milljónir króna.

Að lokum skal þess getið að FH, Valur, KR og Breiðablik fengu hlutdeild í tekjum sem voru umfram áætlun vegna Evrópumóta 2015/2016. FH fékk 5,4 milljónir (43.760 evrur), KR fékk 4,1 milljón (33.220 evrur) og Breiðablik og Valur fengu hvort um sig 2 milljónir (16.230 evrur). Þetta voru því alls um 13,5 milljónir króna.

## Ferðaþátttökugjald

Félög sem taka þátt í Íslandsmóti meistaraflokks greiða kílómetragjald sem reiknað er af mótanefnd KSÍ árlega við upphaf keppnistímabils, skv. vegalengd milli leikstaða fyrir hverja deild fyrir sig og hvern riðil fyrir sig. Upphæðin er nettókostnaður á hvert félag fyrir sig. Félög sem eignast inneign komast hjá greiðslu gjaldsins, en þau skulu fá inneign greidda skv. útreikningum mótanefndar. Sett var bráðabirgðaákvæði fyrir keppnistímabilið 2017 sem sagði til um að þau félög sem þyrftu að greiða gjaldið greiddu að hámarki 75.000 kr. á lið. KSÍ lagði svo til það fjármagn sem upp á vantaði. Alls voru greiddar til félaga tæpar 14 milljónir króna, um 5 milljónir voru greiddar af aðildarfélögum, en KSÍ lagði fram 8,7 milljónir. Hér á næstu síðu má sjá lista yfir þau félög sem fengu greitt vegna ferðakostnaðar.

## Pepsi-deild karla

| | |
|---|---|
| ÍBV | 397.533 |
| Víkingur Ó. | 420.733 |
| KA | 1.193.133 |
| Samtals | 2.011.399 |

## Inkasso-deildin

| | |
|---|---|
| Þór | 923.567 |
| Leiknir F. | 1.970.367 |
| Samtals | 2.893.934 |

## 2. deild karla

| | |
|---|---|
| Huginn | 101.967 |
| Fjarðabyggð | 145.967 |
| Sindri | 152.367 |
| Vestri | 918.367 |
| Samtals | 1.318.668 |

## 3. deild karla

| | |
|---|---|
| KF | 331.760 |
| Dalvík/Reynir | 352.960 |
| Einherji | 1.046.160 |
| Samtals | 1.730.880 |

## 4. deild karla

| | |
|---|---|
| Skallagrímur | 7.300 |
| Stokkseyri | 24.978 |
| Hrunamenn | 87.300 |
| KFR | 99.778 |
| Snæfell/UDN | 190.650 |
| KFS | 282.178 |
| Kormákur/Hvöt | 302.500 |
| Hörður Í. | 323.450 |
| Drangey | 350.400 |
| Geisli A . | 396.000 |
| Samtals | 2.064.534 |

## Pepsi-deild kvenna

| | |
|---|---|
| ÍBV | 340.160 |
| Þór/KA | 1.042.960 |
| Samtals | 1.383.120 |

## 1. deild kvenna

| | |
|---|---|
| Víkingur Ó | 134.800 |
| Tindastóll | 242.400 |
| Hamrarnir | 251.600 |
| Sindri | 916.800 |
| Samtals | 1.545.600 |

## 2. deild kvenna

| | |
|---|---|
| Völsungur | 107.689 |
| Fjarðabyggð/Höttur/Leiknir | 262.089 |
| Einherji | 491.289 |
| Samtals | 861.067 |

| | |
|---|---|
| Alls greiðslur til félaga | 13.809.202 |
| Framlag KSÍ | 8.700.000 |
| Framlag félaga | 5.109.202 |

## Traust fjárhagsstaða

Rekstur KSÍ á árinu 2017 var að mestu leyti í samræmi við samþykkta fjárhagsáætlun. Rekstrartekjur sambandsins á árinu 2017 námu 1.379 mkr. en áætlun gerði ráð fyrir 1.356 mkr. Rekstrarkostnaður KSÍ var 1.279 mkr. eða um 59 mkr. yfir áætlun. Rekstrarhagnaður ársins fyrir fjármagnsliði og ráðstöfun til aðildarfélaga nam um 101 mkr.

Á árinu ráðstafaði KSÍ 179 mkr. beint til aðildarfélaga vegna styrkja til barna- og unglingastarfs, leyfiskerfis, mannvirkja o.fl. Eigið fé KSÍ var 539 mkr. í árslok 2017. Rekstur KSÍ er í jafnvægi og fjárhagsstaðan er traust.

# Knattspyrnusamband Íslands

## Ársreikningur samstæðu

# 2017

Knattspyrnusamband Íslands
Laugardalsvelli
104 Reykjavík
kt. 700169-3679

# Knattspyrnusamband Íslands

## Ársreikningur samstæðu

# 2017

**Efnisyfirlit**


| | |
|---|---|
| Áritun óháðra endurskoðenda og skoðunarmanna | 2-3 |
| Áritun stjórnenda og framkvæmdastjóra | 4 |
| Rekstrarreikningur | 5 |
| Efnahagsreikningur | 6 |
| Yfirlit um sjóðstreymi | 7 |
| Skýringar | 8-13 |
| Sundurliðanir | 14 |

# Áritun óháðra endurskoðenda

**Til stjórnar Knattspyrnusambands Íslands**

**Álit**
Við höfum endurskoðað meðfylgjandi samstæðuársreikning Knattspyrnusambands Íslands fyrir árið 2017. Samstæðuársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að samstæðuársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sambandsins á árinu 2017, efnahag þess 31. desember 2017 og breytingu á handbæru fé á árinu 2017, í samræmi við lög um ársreikninga.

**Grundvöllur fyrir áliti**
Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér að neðan. Við erum óháð Knattspyrnusambandi Íslands í samræmi við settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

**Aðrar upplýsingar**
Stjórnendur bera ábyrgð á öðrum upplýsingum. Aðrar upplýsingar eru ársskýrsla Knattspyrnusambands Íslands að undandskildum samstæðuársreikningi og áritun endurskoðenda.

Álit okkar á ársreikningnum nær ekki yfir aðrar upplýsingar og við látum ekki í ljós staðfestingu eða ályktun, í neinu formi, vegna þeirra.

Í tengslum við endurskoðun okkar, berum við ábyrgð á að lesa ofangreindar aðrar upplýsingar og hugleiða hvort þær séu í verulegu ósamræmi við ársreikninginn eða þá þekkingu sem við höfum aflað við endurskoðunina, eða virðast að öðru leyti innifela verulegar skekkjur.

Ef við komumst að þeirri niðurstöðu, byggt á þeirri vinnu sem við höfum framkvæmt, að verulegar skekkjur séu í öðrum upplýsingum ber okkur að skýra frá því. Það er ekkert sem við þurfum að skýra frá hvað þetta varðar.

**Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á samstæðuársreikningnum**
Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu samstæðuársreiknings, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð samstæðuársreiknings eru stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi Knattspyrnusambands Íslands. Ef við á, skulu stjórn og framkvæmdastjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna þau ákváðu að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu samstæðuársreiknings, nema stjórn og framkvæmdastjóri hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafi enga aðra raunhæfa möguleika.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins.

**Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun samstæðuársreikningsins**
Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að samstæðuársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar.

Nægjanleg vissa er þó ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

# Áritun óháðra endurskoðenda

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við gagnrýnni hugsun við endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

• Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í samstæðuársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu samstæðuársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.

• Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits sambandsins.

• Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.

• Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum samstæðuársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi sambandsins.

• Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar við ársreikninginn með tilliti til glöggrar myndar.

Við upplýsum stjórn og framkvæmdastjóra meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirlit sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Reykjavík, 2. febrúar 2018

**Deloitte ehf.**

Björn Ingi Victorsson,
endurskoðandi

Birna María Sigurðardóttir,
endurskoðandi

Kjörnir skoðunarmenn Knattspyrnusambands Íslands

Haukur Gunnarsson

Dýri Guðmundsson

# Áritun stjórnenda og framkvæmdastjóra

Knattspyrnusamband Íslands (hér eftir nefnt KSÍ) eru heildarsamtök knattspyrnufélaga á Íslandi og er eitt af sérsamböndum innan Íþróttasambands Íslands. KSÍ er aðili að alþjóðaknattspyrnusambandinu FIFA og Knattspyrnsambandi Evrópu UEFA. KSÍ og tengdir aðilar eru öll með aðsetur á Laugardalsvelli. Fjöldi ársverka á reikningsárinu á skrifstofu voru 18.

Hagnaður samstæðu Knattspyrnusambands Íslands á árinu 2017 nam um 0,4 m.kr. Samkvæmt efnahagsreikningi samstæðunnar nema eignir um 1.145 m.kr. og bókfært eigið fé í árslok er um 539 m.kr.

Að áliti stjórnenda og framkvæmdastjóra Knattspyrnusambands Íslands koma fram í samstæðuársreikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu samstæðunnar í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu. Formaður, gjaldkeri, og framkvæmdastjóri KSÍ staðfesta hér með samstæðuársreikning KSÍ fyrir árið 2017 með undirritun sinni.

Reykjavík, 2. febrúar 2018

**Stjórnendur og framkvæmdastjóri**

Guðni Bergsson
formaður

Gísli Gíslason
gjaldkeri

Klara Bjartmarz
framkvæmdastjóri

# Rekstrarreikningur ársins 2017

| | Skýr. | Raun 2017 | Áætlun 2017 | Raun 2016 |
|---|---|---|---|---|
| Styrkir og framlög | | 751.959.972 | 757.500.000 | 2.513.663.766 |
| Tekjur af landsleikjum | | 197.822.558 | 170.000.000 | 69.618.770 |
| Sjónvarpsréttur | | 304.036.750 | 320.000.000 | 331.647.770 |
| Aðrar tekjur | | 61.602.101 | 38.900.000 | 37.699.006 |
| Rekstrartekjur Laugardalsvallar | 12 | 64.189.270 | 70.500.000 | 68.737.829 |
| | | 1.379.610.651 | 1.356.900.000 | 3.021.367.141 |
| Kostnaður við landslið | | (637.126.712) | (643.055.400) | (1.598.503.187) |
| Mótakostnaður | | (167.294.963) | (168.700.000) | (160.440.300) |
| Fræðslukostnaður | | (42.885.738) | (39.200.000) | (46.479.070) |
| Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður | | (284.484.493) | (242.100.000) | (232.620.690) |
| Húsnæðiskostnaður | | (22.989.778) | (23.400.000) | (21.734.271) |
| Annar rekstrarkostnaður | | (21.449.502) | (11.000.000) | (11.572.325) |
| Rekstrargjöld Laugardalsvallar | 12 | (76.040.723) | (71.711.000) | (68.837.895) |
| Afskriftir fastafjármuna | 6 | (26.729.460) | (21.000.000) | (20.596.219) |
| | | (1.279.001.369) | (1.220.166.400) | (2.160.783.957) |
| **Rekstrarhagnaður** | | 100.609.282 | 136.733.600 | 860.583.184 |
| Styrkir vegna mannvirkjasjóðs | | 52.100.000 | 35.000.000 | 40.800.000 |
| Kostnaður vegna mannvirkjasjóðs | | (52.100.000) | (35.000.000) | (40.800.000) |
| Fjármunatekjur | 4 | 15.654.333 | 15.000.000 | 46.413.674 |
| Fjármagnsgjöld | 5 | (6.299.375) | (3.000.000) | (10.701.009) |
| Gengismunur | | 18.102.137 | 0 | (18.147.701) |
| **Hagnaður fyrir ráðstöfun til aðildarfélaga** | | 128.066.377 | 148.733.600 | 878.148.148 |
| Ráðstöfun til aðildarfélaga | 13 | (127.641.897) | (128.000.000) | (560.897.374) |
| **Hagnaður ársins** | | 424.480 | 20.733.600 | 317.250.774 |

# Efnahagsreikningur 31. desember 2017

## Eignir

| | Skýr. | 31.12.2017 | 31.12.2016 |
|---|---|---|---|
| **Fastafjármunir** | 6 | | |
| Varanlegir rekstrarfjármunir | | 313.101.035 | 310.511.722 |
| | | 313.101.035 | 310.511.722 |
| **Veltufjármunir** | 7 | | |
| Viðskiptakröfur | | 146.464.948 | 85.875.773 |
| Aðrar skammtímakröfur | | 2.332.221 | 9.916.487 |
| Handbært fé | | 684.001.063 | 621.600.106 |
| | | 832.798.232 | 717.392.366 |
| **Eignir** | | 1.145.899.267 | 1.027.904.088 |
| **Eigið fé** | 8 | | |
| Óráðstafað eigið fé | | 539.258.644 | 538.834.165 |
| Eigið fé | | 539.258.644 | 538.834.165 |
| **Langtímaskuldir og skuldbindingar** | | | |
| Fyrirframinnheimtar tekjur | 9 | 110.905.364 | 120.733.745 |
| | | 110.905.364 | 120.733.745 |
| **Skammtímaskuldir** | | | |
| Fyrirframinnheimtar tekjur | 9 | 359.495.762 | 206.861.412 |
| Viðskiptaskuldir | 10 | 42.145.038 | 75.032.754 |
| Aðrar skammtímaskuldir | 10 | 94.094.459 | 86.442.012 |
| | | 495.735.259 | 368.336.178 |
| Skuldir | | 606.640.623 | 489.069.923 |
| **Eigið fé og skuldir** | | 1.145.899.267 | 1.027.904.088 |

# Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2017

| | Skýr. | 2017 | 2016 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | | |
| Rekstrarhagnaður | | 100.609.282 | 860.583.184 |
| Afskriftir | 6 | 26.729.460 | 20.596.219 |
| **Veltufé frá rekstri án vaxta og skatta** | | 127.338.742 | 881.179.403 |
| Rekstrartengdar eignir lækkun (hækkun) | | (53.004.909) | 66.698.105 |
| Rekstrartengdar skuldir hækkun | | 117.570.700 | 129.342.899 |
| **Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta** | | 191.904.533 | 1.077.220.407 |
| Innborgaðar vaxtatekjur og gengismunur | 4 | 33.756.470 | 46.413.674 |
| Greidd vaxtagjöld, gengism. og fjármagnstekjuskattur | 5 | (6.299.375) | (28.848.710) |
| **Handbært fé frá rekstri** | | 219.361.628 | 1.094.785.371 |
| **Fjárfestingahreyfingar** | | | |
| Seldir (keyptir) varanlegir rekstrarfjármunir | 6 | (29.318.774) | (64.730.182) |
| | | (29.318.774) | (64.730.182) |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | | |
| Ráðstöfun til aðildarfélaga | 13 | (127.641.897) | (560.897.374) |
| | | (127.641.897) | (560.897.374) |
| Hækkun handbærs fjár | | 62.400.957 | 469.157.815 |
| Handbært fé í upphafi árs | | 621.600.106 | 152.442.291 |
| Handbært fé í lok árs | | 684.001.063 | 621.600.106 |

# Skýringar

## 1. Starfsemi

Knattspyrnusamband Íslands (hér eftir nefnt KSÍ) eru heildarsamtök knattspyrnufélaga á Íslandi og er eitt af sérsamböndum Íþróttasambands Íslands. KSÍ er aðili að alþjóðaknattspyrnusambandinu FIFA og Knattspyrnsambandi Evrópu UEFA. KSÍ og tengdir aðilar eru öll með aðsetur á Laugardalsvelli.

## 2. Reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur KSÍ fyrir árið 2017 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga á Íslandi. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum sambandsins.

### Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

### Samstæða

Ársreikningur KSÍ samstæðunnar tekur til ársreikninga KSÍ, KSÍ ehf., KSÍ-íslensk knattspyrna ehf. og KSÍ-Laugardalsvallar.

Meðal markmiða samstæðureikningskilanna er að birta einungis tekjur, gjöld, eignir og skuldir samstæðunnar út á við og er því viðskiptum innan hennar eytt út við gerð reikningsskilanna.

### Áhættustjórnun

Engir framvirkir gjaldeyrisskiptasamningar, valréttir eða afleiðusamningar eru við lýði hjá KSÍ.

### Skráning tekna

Tekjur eru færðar þegar til þeirra hefur verið unnið í samræmi við lög um ársreikninga á Íslandi. Hluti tekna KSÍ hafa verið greiddur fyrirfram og eru tekjurnar innleystar í rekstrarreikningi á því tímabili sem þær tilheyra.

Vaxtatekjur eru færðar fyrir viðkomandi tímabil í samræmi við viðeigandi höfuðstól og vaxtaprósentu.

### Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gildandi gengi þess dags sem viðskiptin fara fram. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi í lok reikningsskiladags. Gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

| | Meðalgengi ársins | | Árslokagengi | |
|---|---|---|---|---|
| | 2017 | 2016 | 31.12.2017 | 31.12.2016 |
| Evra (EUR) | 120,54 | 133,59 | 125,05 | 119,13 |
| Bandaríkjadalur (USD) | 106,78 | 120,67 | 104,42 | 112,82 |
| Svissneskur franki (CHF) | 108,43 | 122,50 | 107,07 | 110,81 |

# Skýringar

## 2. Reikningsskilaaðferðir (framhald)

### Fjármagnskostnaður

Allur fjármagnskostnaður er færður í rekstrarreikning á því tímabili sem hann fellur til.

### Varanlegir rekstrarfjármunir

Eignir eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast félaginu og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Varanlegir rekstrarfjármunir eru upphaflega skráðir á kostnaðarverði, nema skrifstofur og fræðslusetur KSÍ en þar eru styrkir sem KSÍ fékk vegna byggingarinnar dregnir frá kostnaðarverði. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni í tekjuhæft ástand.

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti af kostnaðarverði miðað við eignarhaldstíma á árinu að teknu tilliti til væntanlegs hrakvirðis.

Hagnaður eða tap vegna sölu eigna er mismunur söluverðs og bókfærðs verðs eigna á söludegi.

### Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu og gengismunar. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift heldur er myndaður mótreikningur til að mæta hugsanlegu tapi sem kann að myndast í framtíðinni.

### Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til gengismunar.

### Skuldbindingar

Skuldbindingar eru færðar upp í efnahagsreikningi ef líklegt þykir að sambandið verði fyrir fjárhagslegum útgjöldum í framtíðinni vegna tiltekins atburðar eða viðskipta og hægt er að meta fjárhæð hennar með áreiðanlegum hætti.

## 3. Laun og launatengd gjöld skrifstofu

| | 2017 | 2016 |
|---|---|---|
| Laun | 143.051.112 | 134.466.980 |
| Mótframlag í lífeyrissjóð | 15.745.826 | 13.475.030 |
| Önnur launatengd gjöld | 31.989.864 | 15.887.173 |
| | 190.786.802 | 163.829.183 |

Laun og bifreiðastyrkur til núverandi formanns námu um 15 m.kr., til framkvæmdastjóra um 15 m.kr. og laun og launauppgjör við fyrrverandi formann um 11 m.kr.

| | | |
|---|---|---|
| Stöðugildi að meðaltali | 18 | 17 |

## 4. Fjármunatekjur

| | 2017 | 2016 |
|---|---|---|
| Vaxtatekjur | 15.654.333 | 46.413.674 |
| | 15.654.333 | 46.413.674 |

## 5. Fjármagnsgjöld

| | 2017 | 2016 |
|---|---|---|
| Fjármagnstekjuskattur af vöxtum | (2.927.213) | (9.072.742) |
| Vaxtagjöld og bankakostnaður | (3.372.162) | (1.628.267) |
| | (6.299.375) | (10.701.009) |

## 6. Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

| | Skrifstofur og fræðslusetur | Bifreiðar | Áhöld, tæki og innréttingar | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| **Kostnaðarverð** | | | | |
| Staða í ársbyrjun | 260.088.579 | 11.412.309 | 189.510.004 | 461.010.892 |
| Eignfært á árinu | 0 | 0 | 29.318.774 | 29.318.774 |
| Staða í árslok | 260.088.579 | 11.412.309 | 218.828.777 | 490.329.665 |
| **Afskriftir** | | | | |
| Staða í ársbyrjun | 25.136.233 | 9.629.886 | 115.733.050 | 150.499.169 |
| Afskrift ársins | 4.401.340 | 1.089.962 | 21.238.158 | 26.729.460 |
| Staða í árslok | 29.537.573 | 10.719.848 | 136.971.208 | 177.228.629 |
| **Bókfært verð** | | | | |
| Bókfært verð í ársbyrjun | 234.952.346 | 1.782.423 | 73.776.954 | 310.511.722 |
| Bókfært verð í árslok | 230.551.006 | 692.461 | 81.857.569 | 313.101.035 |
| Afskriftarhlutföll | 1% | 20% | 0-35% | |

Fasteignamat og vátryggingamat eigna félagsins í árslok greinist þannig:

| | Fasteignamat | Vátrygginga-mat |
|---|---|---|
| Skrifstofur og fræðslusetur | 254.950.000 | 544.450.000 |

## 7. Aðrar peningalegar eignir

**Viðskiptakröfur**

| | 31.12.2017 | 31.12.2016 |
|---|---|---|
| Innlendar viðskiptakröfur | 45.204.816 | 33.563.315 |
| Erlendar viðskiptakröfur | 101.260.132 | 52.312.458 |
| | 146.464.948 | 85.875.773 |

**Aðrar skammtímakröfur**

| | 31.12.2017 | 31.12.2016 |
|---|---|---|
| Fyrirframgreiddur kostnaður | 0 | 9.721.026 |
| Aðrar kröfur | 2.332.221 | 195.461 |
| | 2.332.221 | 9.916.487 |

## 7. Aðrar peningalegar eignir (framhald)

**Handbært fé**

Handbært fé samanstendur af bankainnstæðum

| | 31.12.2017 | 31.12.2016 |
|---|---|---|
| Bankainnstæður í íslenskum krónum | 618.854.235 | 621.588.599 |
| Bankainnstæður í erlendri mynt | 64.285.025 | 11.507 |
| Sjóður | 861.803 | 0 |
| | 684.001.063 | 621.600.106 |

## 8. Eigið fé

Óráðstafað eigið fé greinist þannig:

| | Fjárhæð |
|---|---|
| Staða 1.1.2016 | 221.583.391 |
| Hagnaður ársins 2016 | 317.250.774 |
| Staða 1.1.2017 | 538.834.165 |
| Hagnaður ársins 2017 | 424.480 |
| | 539.258.644 |

## 9. Fyrirframinnheimtar tekjur

UEFA greiddi KSÍ fyrirfram 1,0 milljónir evra vegna sjónvarpsréttar og tiltekins markaðsréttar á árinu og 1,5 milljónir evra vegna Þjóðardeildarinnar.

KSÍ gerði samning um sjónvarpsrétt við 365 og er gildistími samningsins er frá 2016 til 2021.

UEFA greiddi KSÍ á árinu 2016 fyrirfram 1,2 milljónir evra sem tekjufærðar eru með jöfnum hætti fram til ársins 2020.

**Fyrirframinnheimtar tekjur sundurliðast með eftirfarandi hætti**

| | 31.12.2017 | 31.12.2016 |
|---|---|---|
| Fyrirframgreiðslur vegna sölu á sjónvarpsrétti og öðrum réttindum | 20.000.000 | 25.000.000 |
| Fyrirframinnheimtar tekjur UEFA | 450.401.127 | 242.260.670 |
| Aðrar fyrirframinnheimtar tekjur | 0 | 60.334.487 |
| Tekjur 2018/2017 vegna sjónvarpsréttar og UEFA framlaga | (359.495.763) | (206.861.412) |
| Fyrirframinnheimtar tekjur, langtímahluti í árslok | 110.905.364 | 120.733.745 |

## 10. Aðrar peningalegar skuldir

**Viðskiptaskuldir**

| | 31.12.2017 | 31.12.2016 |
|---|---|---|
| Innlendar viðskiptaskuldir | 36.902.788 | 74.931.144 |
| Erlendar viðskiptaskuldir | 5.242.250 | 101.610 |
| | 42.145.038 | 75.032.754 |

## 10. Aðrar peningalegar skuldir (framhald)

**Aðrar skammtímaskuldir**

| | 31.12.2017 | 31.12.2016 |
|---|---|---|
| Laun og launatengd gjöld | 91.914.141 | 84.847.069 |
| Aðrar skuldir | 2.180.318 | 1.594.943 |
| | 94.094.459 | 86.442.012 |

## 11. Gjaldmiðlaáhætta

KSÍ býr við gjaldmiðlaáhættu vegna erlendra viðskiptakrafna, handbærs fjár í erlendum gjaldmiðlum og viðskiptaskulda í erlendum gjaldmiðlum.

Bókfært verð eigna og skulda sem háðar eru gengisáhættu greinist þannig:

| | 31.12.2017 | 31.12.2016 |
|---|---|---|
| Viðskiptakröfur | 101.260.132 | 52.312.458 |
| Bankainnstæður | 64.285.025 | 11.507 |
| Viðskiptaskuldir | (5.242.250) | (101.610) |
| | 160.302.907 | 52.222.355 |

## 12. Laugardalsvöllur

Rekstrartekjur og -gjöld Laugardalsvallar eru sýnd sérstaklega og greind frá öðrum rekstrartekjum og -gjöldum samstæðunnar, að afskriftum undanskildum. Aðrir rekstrarliðir og efnahagsliðir eru færðir meðal sambærilegra liða í samstæðureikningnum. Viðskiptum innan samstæðu er eytt út við gerð samstæðureiknings. Rekstrarreikningur Laugardalsvallar sundurliðast á eftirfarandi hátt.

| | Raun 2017 | Áætlun 2017 | Raun 2016 |
|---|---|---|---|
| Framlög og styrkir | 46.648.644 | 46.600.000 | 51.532.416 |
| Tekjur af leikjum og mótum | 15.400.000 | 12.900.000 | 15.400.000 |
| Aðrar tekjur | 3.631.741 | 0 | 3.296.528 |
| Laun og tengd gjöld | (33.051.815) | (30.711.000) | (31.777.418) |
| Rekstur mannvirkja | (26.076.367) | (27.050.000) | (26.011.645) |
| Annar rekstrarkostnaður | (16.912.541) | (11.950.000) | (11.448.832) |
| Afskriftir | (2.059.317) | (2.000.000) | (814.139) |
| Fjármunatekjur | 142.286 | 0 | 72.605 |
| Fjármagnsgjöld | (88.758) | 0 | (36.369) |
| Tap ársins | (12.366.127) | (12.211.000) | 213.146 |
| Framlag Reykjavíkurborgar vegna taprekstrar 2007-2013 | 11.008.885 | 11.000.000 | 11.008.885 |
| Hagnaður ársins | (1.357.242) | (1.211.000) | 11.222.031 |

Eigið fé Laugardalsvallar er neikvætt í árslok um 16,2 m.kr. en var í ársbyrjun neikvætt um 14,8 m.kr.

# Skýringar

## 13. Ráðstöfun til aðildarfélaga

Á árinu 2017 greiddi KSÍ um 128 m.kr. til aðildarfélaga sinna í samræmi við samþykkta áætlun. KSÍ greiddi tæpar 58,3 m.kr. til aðildarfélaga, annarra en þeirra sem léku í Pepsi-deild karla, vegna barna- og unglingastarfs en félögin í Pepsi-deild karla fengu sambærilegan styrk frá UEFA að upphæð um 60 m.kr.
Auk þessa greiddi KSÍ félögum í leyfiskerfinu 29,5 m.kr. og ferðaþátttökugjald og verðlaunafé að fjárhæð um 39,4 m.kr. á árinu.

## 14. Samningar KSÍ og Reykjavíkurborgar

KSÍ fyrir hönd Laugardalsvallar, gerði þann 13. ágúst 2014 samning við Reykjavíkurborg um rekstur Laugardalsvallar. Samningurinn tók gildi í ársbyrjun 2014 og gildir út árið 2025. Fyrri samningur fellur úr gildi frá og með sama tíma. Framlög Reykjavíkurborgar til rekstrar vallarins nema rúmlega 49,9 m.kr. frá 2014-2016, en rúmlega 44,2 m.kr. frá 2017 og út samningstímann. Greiðslur taka mið af vísitölu neysluverðs.
Auk þess skuldbundu Reykjavíkurborg og KSÍ sig til að leggja fram samtals kr. 66.053.310 vegna aukins rekstrarkostnaðar Laugardalsvallar á árunum 2007-2013, eða kr. 33.026.655 hvor aðili um sig. Framlag Reykjavíkurborgar tekjufærist með þremur jöfnum greiðslum á árunum 2015, 2016 og 2017.

## 15. Samstarfssamningur við ÍTF

KSÍ og Íslenskur toppfótbolti (samtök félaga í efstu deild) undirrituðu yfirlýsingu um samstarf á árinu 2016. Í yfirlýsingunni sem gildir 2016-2021 með endurskoðunarákvæði að loknu tímabilinu 2018, felst m.a. að KSÍ skuldbindur sig til að félögin í efstu deild (auk félaga sem taka þátt í aðalkeppni bikarkeppni KSÍ) fái 140 m.kr. fyrir sjónvarps- og markaðsréttindi af deildarkeppni og bikarkeppni 2017 og hækki um 10 m.kr. hvert ár eftir það út samningstímann.

## 16. Önnur mál

Á árinu dæmdi Héraðsdómur KSÍ í óhag en málið snýst um ólögmætt lán tengt gengi erlendra gjaldmiðla sem upphaflega var tekið á árinu 2006 frá Landsbankanum. KSÍ hefur áfrýjað málinu til Hæstaréttar en gert er ráð fyrir því að málið verði tekið fyrir í vor.

## 17. Samþykki ársreiknings

Ársreikningurinn var samþykktur á fundi með stjórnendum, framkvæmdastjóra og skoðunarmönnum þann 2. febrúar 2018.

# Sundurliðanir

| | Raun 2017 | Áætlun 2017 | Raun 2016 |
|---|---|---|---|
| **Styrkir og framlög** | | | |
| ÍSÍ | 37.306.101 | 42.500.000 | 38.753.717 |
| Íslenskar getraunir | 5.649.814 | 6.000.000 | 5.517.374 |
| UEFA | 444.106.787 | 389.000.000 | 2.235.029.050 |
| FIFA | 199.655.061 | 220.000.000 | 116.238.075 |
| Ýmsir styrkir | 65.242.209 | 100.000.000 | 118.125.550 |
| | 751.959.972 | 757.500.000 | 2.513.663.766 |

## Sjónvarpsréttur

| | | | |
|---|---|---|---|
| Sjónvarpsréttur | 296.144.750 | 310.000.000 | 308.885.050 |
| Sjónvarpsréttur innanlands | 7.892.000 | 10.000.000 | 22.762.720 |
| | 304.036.750 | 320.000.000 | 331.647.770 |

## Kostnaður við landslið

| | | | |
|---|---|---|---|
| A-landslið | 451.042.746 | 408.525.000 | 1.434.300.323 |
| Yngri landslið | 147.555.062 | 185.737.600 | 126.545.908 |
| Sameiginlegur landsliðskostnaður | 38.528.904 | 48.792.800 | 37.656.956 |
| | 637.126.712 | 643.055.400 | 1.598.503.187 |

## Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður

| | | | |
|---|---|---|---|
| Laun | 143.051.112 | 137.000.000 | 134.466.980 |
| Launatengd gjöld | 47.735.690 | 30.600.000 | 29.362.203 |
| Skrifstofu- og rekstrarkostnaður | 93.697.691 | 74.500.000 | 68.791.507 |
| | 284.484.493 | 242.100.000 | 232.620.690 |

www.ksi.is

